



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2016**

Góðir Íslendingar

Við Dorrit óskum ykkur gleðilegs árs og farsældar á nýrri vegferð; tímamótin marka skil og framtíðin er líkt og jafnan okkur hulin, en samt ráða aðstæður og eigin vilji hvert leiðin liggur. Það gildir bæði um okkur sjálf og þjóðina.

Íslendingar geta stoltir litið um farinn veg, glaðst yfir ávinningum fyrri tíðar, verkunum sem lyftu fátækri þjóð í fremstu röð; þakkað fólkinu sem hafði hugsjónina um sjálfstætt Ísland að leiðarljósi, lét ekki bugast þrátt fyrir andstreymi og áföll, hélt staðfast áfram að settu marki.

Bessastaðir urðu á vissan hátt samnefnari þessarar sögu. Hér mótaði skólinn fyrrum unga sveina sem síðar urðu leiðtogar í baráttunni fyrir auknum rétti, gerðu menningu og tungumálið að hornsteinum kröfunnar um sjálfstæðan sess. Héðan bárust greinarnar um aukið lýðræði í stjórnskipan landsins og réttindi kvenna. Hingað kom fyrsti forsetinn að lokinni lýðveldisstofnun á Þingvöllum og hér lituðu blysin hin gömlu hús rauðum bjarma þegar þjóðin krafðist þess fyrir sex árum að lýðræðislegur réttur hennar yrði virtur.

Bessastaðir færa sérhverjum forseta djúpa virðingu fyrir sögu landsins og auðmýkt gagnvart skyldunum sem kjörinu fylgja; minna hann á aflið sem býr í vilja fólksins. Forsetinn ber beina ábyrgð gagnvart þjóðinni.

Hann er líka þátttakandi í daglegri glímu, leggur lið og miðlar reynslu; verkefni sem orðið hafa æ viðameiri vegna aukinnar fjölbreytni þjóðlífsins og vaxandi samskipta í veröldinni, áhuga ríkja nær og fjær að styrkja tengslin við Íslendinga.

Við njótum þess nú að forysturíki í Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku kappkosta að efla samvinnu við okkur; vaxandi mikilvægi Norðurslóða og árangur við nýtingu hreinnar orku skipta þar sköpum.

Liðið ár færði okkur fjölþættan vitnisburð um trausta stöðu Íslands: Stefnumæði forseta Frakklands á þingi Hringborðs Norðurslóða sem haldið var hér í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar í París; sendinefndir kanslara Þýskalands og forseta Kína, fulltrúar Hvíta hússins og stjórnar Rússlands sýndu ásamt 2000 öðrum þátttakendum frá um fimmtíu ríkjum að Reykjavík er nú árlega helsti vettvangur umræðu um framtíð Norðurslóða.

Skömmu síðar kom forsætisráðherra Bretlands í heimsókn og ítrekaði óskir um mat á kostum sæstrengs frá Íslandi sem gæti, líkt og strengirnir frá Noregi, orðið framlag til nýs kerfis hreinnar orku í Evrópu.

Sams konar vilji til að nýta kunnáttu okkar og hæfni, einnig í sjálfbærum veiðum og vinnslu, kom skýrt fram í ferð minni með utanríkisráðherra og íslenskum sérfræðingum til Víetnams, Kóreu og Singapúrs fyrir skömmu.

Íslendingar hafa nú þegar stuðlað að nýtingu grænnar orku í tugum landa; reynsla sem verða mun enn mikilvægari í kjölfar samkomulagsins í París því umbylting á orkubúskap allra ríkja í átt að hreinni orku var kjarninn í árangri ráðstefnunnar; hið nýja markmið heimsins þar sem Ísland er í senn fyrirmynd og hvatning.

Þegar við ræðum stöðu okkar góða lands og gerum áætlanir um framtíðina þá er áriðandi að leggja til grundvallar raunsætt mat, láta hvorki óhóflega bjartsýni né sífellda neikvæðni villa okkur sýn.

Þótt erfiðleikar í kjölfar bankahrunsins, glíman við fjármálakreppuna og andstreymið sem við mættum víða hafi á stundum nánast þaggað niður umræður um ágæti Íslands og styrkleika þjóðarinnar, er áriðandi nú, þegar mestur vandinn er að baki, að við höldum til haga hinum góðu kostum, skiljum hve gjöful framtíðin getur reynst landsmönnum öllum og sækjum svo aukinn styrk í þá virðingu sem Íslendingar njóta víða um veröld, virðingu sem birtist með margvíslegum hætti í tengslum við loftslagsráðstefnuna í París þar sem árangur okkar á sviði orkunýtingar lagði grundvöll að myndun hins nýja Jarðhitabandalags fjölmargra ríkja; og landgræðsla á svörtum söndum hér sunnan lands varð mörgum í fjarlægum álfum hvatning til dáða.

Sá sjónarhóll sem forsetinn fær með samræðum og samvinnu við fjölda fólks, bæði hér heima og vítt um veröld, hefur fært mér skýra sýn á þá góðu kosti sem blasa við Íslendingum, sannfæringu fyrir því að framtíð Íslands getur verið einkar björt, gæfan okkur hliðholl.

Við njótum eins og áður sagði traustra tengsla við önnur ríki, höfum nýtt okkur hinn nýja sess Norðurslóða og ræktað rótgróið samband við norræna frændur og forystuþjóðir í Evrópu og vestan hafs; einnig náð að byggja brýr til álfunnar sem senn mun ráða mestu í hagkerfi heimsins; öll helstu ríki Asíu rækta nú samstarf sitt við Ísland.

Við búum að auðlindum sem verða sífellt verðmætari.

Fiskistofnar og lífríki hafsins eru áfram undirstaða öflugis atvinnulífs sem einnig hefur fósrað háþróaða tækni og iðnað í tengslum við sjávarútveg; nú í auknum mæli verkstöð vöruþróunar sem bætir heilbrigði og stuðlar að lækningu sjúkdóma.

Gæði landsins gera okkur kleift að framleiða matvæli, nýta gróðurlendur, bæði ræktaðar og villtar, í þágu fjölbreyttrar framleiðslu; landkostir sem skipta miklu þegar matvælaöryggi er vaxandi vandamál fyrir fjölda þjóða.

Orkan í iðrum jarðar og í fallvötnunum er áfram gullkista aukinna tekna og nýting hennar reynslubanki sem skapar okkur æ fleiri verkefni í öðrum löndum; hefur gert þekkingu á virkjun hreinnar orku að nýrri útflutningsgrein.

Fegurð landsins, samspil elds og ísa, litadýrð náttúrunnar, tign og víðerni örafanna laða svo sífellt fleiri hingað; ferðaþjónustan komin í fremstu röð tekjulinda. Ísland er í vitund milljóna víða um heim áfangastaður sveipaður dulúð og ljóma, landið þar sem sérhver gengur frjáls um götur og stíga, lýðræðislegt samfélag sem byggir á öryggi og jöfnum rétti, andrúmsloftið laust við þá mengun sem hrjáir erlendar borgir.

Menningin sem fyrrum hvíldi einkum á ljóðum og texta, bókmenntum á heimavelli, er nú iðandi og alþjóðlegur vettvangur fjölbættrar sköpunar. Íslenskum ritverkum, tónlist, kvikmyndum, leikhúsi og myndlist er nú miðlað um veröld víða. Hin unga kynslóð getur í krafti eigin getu skarað framúr í öllum greinum.

Í vísindum og tækni hafa háskólarnir, rannsóknastofnanir og fyrirtæki náð ótrúlegum árangri, gert okkur kleift að verða á veraldarvísu öflugir þátttakendur í sköpun nýrrar þekkingar og í gerð tækni og búnaðar sem stuðla að síauknum framförum.

Allt eru þetta sterkir strengir í stöðu Íslands, burðarvirki í þeirri byggingu sem helguð er framtíð okkar.

Sumum kann að finnast myndin máluð of björtum litum en hún er nú samt byggð á raunsæju mati, greiningu sem reynslan hefur styrkt og

samanburði við aðrar þjóðir sem störf forsetans og fyrri verk hafa fært mér.

Það er svo sannarlega merkilegt að fáeinum árum eftir hið mikla áfall, bankahrunið, skuli Íslendingar vera í kjörstöðu þegar litið er til framtíðar; árangur sem mörgum ber að þakka, þáttaskil sem hvíla á ákvörðunum sem ríkisstjórnir, Alþingi og þjóðin sjálf hafa tekið á umliðnum árum. Atvinnulífið er nú í miklum blóma, kjör launafólks hafa batnað og fjármunir til heilbrigðismála, velferðar, menntunar og rannsókna vaxa á ný.

Því ættum við öll að geta tekið höndum saman um að bæta enn frekar hag aldraðra og öryrkja og að gera loksins gangskör að útrýmingu fátæktar úr íslensku samfélagi, fátæktar sem er því miður enn smánarblettur, en svo nefndi ég þessa vanvirðu í fyrsta nýársávarpinu sem ég flutti ykkur úr þessum sal.

Já, það eru mörg ár síðan, langur tími, en hefur þó liðið undrafljótt, tími ögrandi verkefna, gleði en líka sorgar; margt með öðrum brag en þegar við Guðrún Katrín komum hingað.

Þjóðinni hefur þrátt fyrir allt miðað vel; hún leyst úr flestum þrautum sem vegferðin hefur fært henni í hendur. Sú óvissa sem fyrir nokkrum árum mótaði afstöðu margra til forsetakjörsins sem þá var í vændum er ekki lengur fyrir hendi.

Átökum við Evrópuríki í hinu svonefnda Icesave máli lauk með fullnaðarsigri Íslendinga, bæði í krafti þjóðaratkvæðagreiðslna og úrskurðar EFTA dómstóls.

Umsóknin um aðild að Evrópusambandinu, áformin um grundvallarbreytingar á fullveldi Íslands, hafa verið lögð til hliðar og allir flokkar á Alþingi heita því nú að aldrei verði aftur lagt í slíka vegferð nema þjóðin heimili það fyrst í sérstakri atkvæðagreiðslu.

Uppgjör vegna hinna föllnu banka og afnám hafta í viðskiptum við önnur lönd eru senn í höfn; breið samstaða bæði innan þings og utan um lokaáfanga á þeirri braut.

Deilurnar um uppstökkun á stjórnskipun landsins hafa vikið fyrir sátt um að velja heldur einstaka þætti sem njóta myndu víðtæks stuðnings; setja í forgang ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðareign á auðlindum.

Sú margþætta óvissa sem fyrir fjórum árum leiddi til áskorana um að ég gegndi áfram embætti forseta mótar því blessunarlega ekki lengur stöðu okkar Íslendinga.

Því er niðurstaðan sem ég lýsti hér á nýársdag 2012 enn frekar í gildi nú: „að aðstæður þjóðarinnar séu þess eðlis að ég geti fremur orðið að liði ef val á verkefnum verður eingöngu háð mínum eigin vilja, óbundið af þeim skorðum sem embætti forsetans setur jafnan orðum og athöfnum.“

Margir hafa þó á undanförunum mánuðum í samræðum, með orðsendingum eða bréfum höfðað til skyldu minnar og áréttað að enn ríki óvissa á ýmsum sviðum, einkum varðandi skipan Alþingis og ríkisvalds á komandi árum.

Ég met mikils traustið sem allt það góða fólk sýnir mér en bið það og landsmenn alla að íhuga vel lýsinguna á kjörstöðu Íslands sem ég hef í dag gert að meginboðskap.

Í ljósi hennar og á grundvelli lýðræðisins sem er okkar aðalsmerki finnast mér blasa við hin réttu vegamót til að færa ábyrgð forseta á aðrar herðar og hef því ákveðið að bjóða mig ekki fram til endurkjörs.

Nú er góður tími fyrir þjóðina að ganga með nýjum hætti til ákvörðunar um forseta; sess Íslands og innviðir þjóðlífsins eru traustari en um langan tíma.

Þótt annar muni halda um forsetastýrið verð ég áfram reiðubúinn að sinna verkum á þjóðarskútu okkar Íslendinga; er á engan hátt að hverfa frá borði; verð ætíð fús að leggjast með öðrum á árar.

Á komandi árum mun ég með nýjum hætti geta sinnt samvinnu á Norðurslóðum, treyst enn frekar sess Íslands sem miðstöðvar þeirrar umræðu og styrkt Hringborð Norðurslóða sem árlegan vettvang þjóða heims.

Kraftar mínir verða líka áfram helgaðir baráttunni gegn loftslagsbreytingum og samstarfi við þjóðir nær og fjær um aukna nýtingu hreinnar orku.

Frelsi frá daglegum önnum hér á staðnum mun einnig gefa mér meiri tíma til að sinna vaxandi ákalli um myndun alþjóðlegrar samstöðu um verndun hafanna og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar, verkefni sem öðlast getur aukinn styrk í krafti reynslu og tækni sem við Íslendingar höfum að miðla.

Vonandi gefast einnig allmörg ár til að vinna áfram með háskólunum, ungu fólki í vísindum, rannsóknum og fræðastarfi, styrkja þekkingartengslin milli Íslands og annarra landa.

Það hefur verið gæfa mín og gleði að geta lagt öðrum lið í góðum verkum og það mun ég gera meðan kraftar endast.

Þjónusta við þjóðina er æðsta skylda forsetans og hún varir lengur en ábyrgðin sem formlega felst í embættinu.

Sú þjónusta verður því áfram mitt leiðarljós um leið og ég mun ávallt þakklátum huga minnast traustsins sem þjóðin hefur sýnt mér og vinsemdar fólksins í landinu í garð Dorritar, Guðrúnar Katrínar og fjölskyldunnar.

Lokaorðin verða hin sömu og í innsetningarræðunni við embættistöku 1. ágúst fyrir nær tuttugu árum:

„Ég bið ykkur öll að minnast á okkar og ættjarðar. Megi blessun Guðs og gjöful náttúra færa Íslendingum gæfu um alla framtíð.“